

FUNDUR Í FRAMKVÆMDARÁÐI SNÆFELLSNESS

19. fundur ráðsins haldinn
mánudaginn 5. maí 2008 kl. 13:00
í Lýsuhólsskóla

Á fundinn mættu:

Róbert Stefánsson, fulltrúi Stykkishólmsbæjar, robert@nsv.is,
Guðbjörg Gunnarsdóttir, fulltrúi Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls, guðbjorg@ust.is,
Hildibrandur Bjarnason, fulltrúi Helgafellssveitar, hildibrandur@simnet.is,
Margrét Björk Björnsdóttir, fulltrúi Snæfellsbæjar, maggy_duni@hotmail.com,
Ragnhildur Sigurðardóttir, fulltrúi Snæfellsbæjar, ragnhildurs@lbhi.is,
Sólrun Guðjónsdóttir, fulltrúi Grundarfjarðarbæjar, solrun@fsn.is,
Þórey Jónsdóttir, fulltrúi Grundarfjarðarbæjar, thorey@ragnarogasgeir.is.
Þórunn Sigþórsdóttir, umhverfisfulltrúi, boðaði forföll.

Dagskrá fundar:

1. Skýrsla úttektaraðila Green Globe.
2. Tillögur vegna hátíðarhalda vegna vottunar.
3. Athugasemdir/breytingar á framkvæmdaáætlun í kjölfar athugasemda sveitastjórna.
4. Tillaga um framtíðarskipulag Green Globe á Snæfellsnesi.
5. Önnur mál.

Áður en fundu hófst var nefndinni sýndur hluti þeirrar umhverfistengdu vinnu sem starfsfólk og nemendur Lýsuhólsskóla hafa unnið að. Að lokinni skoðunarferð um setti formaður fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Farið yfir skýrslu úttektaraðila Green Globe með áherslu á þau atriði sem þarfnast lagfæringa. Allar athugasemdir voru minni háttar en krefjast þó í mörgum tilfellum nokkurrar vinnu.
2. Tillögur Guðrúnar Bergmann vegna hátíðarhalda vegna vottunar. Rætt var um dagsetningu og varð niðurstaðan sú að stefna á sunnudaginn 25. maí en hafa sunnudaginn 8. júní til vara. Það er mjög mikilvægt að kynna þetta verkefni og vottunina ekki bara út á við, heldur ekki síður inn á við, þ.e. fyrir íbúum svæðisins. Rætt var hvernig hægt væri að virkja íbúa. Nokkuð

var rætt um mögulega staðsetningu aðal hátíðarinnar og samþykkt að húsnaði Fjölbautaskóla Snæfellinga væri hentugasti staðurinn til að fagna þessum áfanga, þar sem skólinn er í eigu allra sveitarfélaganna, er miðsvæðis og hentar vel undir slíka athöfn. Umræður um mögulega dagskrá en Guðrún kom á fundinn kl. 14.30. (sjá tillögur í meðfylgjandi skjali). Ákveðið að hafa einhverja dagskrárlíði í stærri sveitarfélögunum og þjóðgarði að morgni hátíðardags en sameiginlega dagskrá í FSN eftir hádegi. Afar mikilvægt er að bæklingur um Snæfellsnes verði tilbúinn á hátíðardegi. Guðrún gerir önnur drög að dagskrá og mun hún ásamt Þórunni og Róbert halda áfram að undirbúa hátíðina.

3. Róbert lagði fram svarbréf formanns, umhverfisfulltrúa og Stefáns Gíslasonar til sveitarfélaga, þar sem teknar voru saman athugasemdir sveitarfélaganna við Framkvæmdaáætlun og rök færð fyrir þeim breytingum sem gerðar í kjölfarið.
4. Róbert lagði fram tillögu frá Stefáni Gíslasyni varðandi framtíðarskipulag Green Globe á Snæfellsnesi. Þar er lagt til að myndað verði byggðasamlag um Green Globe sem taki við störfum Framkvæmdaráðs. Eins er lagt til að ráðinn verði umhverfisfræðingur í fullt starf til að fylgja Green Globe verkefninu eftir og sinna öðrum verkum sem tengjast umhverfismálum og sjálfbærri þróun og varða sveitarfélögin á Snæfellsnesi sameiginlega. Tillögurnar voru samþykktar af ráðinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.30.

Fundarritari

Sólrún Guðjónsdóttir